

Fundur stjórnar og Landsmótsnefndar ÆSKP 25. nóvember 2020 á Zoom

Mætt: Úr stjórn: Jóhanna Ýr, Katrín Helga, Berglind, Aldís Elva, Anna Lilja, Hákon Darri, Sóley Adda, Erna Kristín og Daníel Ágúst. Úr Landsmótsnefnd: Kristján Ágúst Kjartansson og Konný Björg. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

Fundur hófst kl. 20.15.

Landsmót

Allir einróma um að Landsmótið var snilld. Þetta fór fram úr björtustu vonum. Kristján landsmótsstjóri segir að þátttaka hafi verið mjög góð miðað við ástandið, þar sem mörg æskulýðsfélög lágu niðri víða um landið. Þau sem tóku þátt voru með lengi eða allan tíman og komu flest aftur eftir hlé.

Tæknilega séð gekk allt upp. Ekkert klikkaði, sem var merkilegt miðað við að við vorum að gera þetta í fyrsta skipti.

Nú höfum við heilmikla reynslu til að byggja á. Kristján segir það tilvalið að nýta þessa reynslu til að gera eitthvað í þessum dúr aftur, hvort sem það er æskulýðsdagur eða önnur tilefni.

Enn er verið að horfa á vídeóin af mótinu á Facebook. Við eigum mótið allt til á upptöku. Það er ánægjulegt hvað við fengum góð viðbrögð úr samfélaginu, bæði frá prestum og einnig foreldrum. Allir sem voru á staðnum sáu hversu vel þetta mót var að ganga. Meðalfjöldinn á Zoom hélst stöðugur allan daginn.

Það kom jafnvel á óvart hversu virk krakkarnir voru í þátttöku, þegar viðbúið var að þau væru meira að hlusta og horfa. En þegar tilefni var til voru þau að spjalla og hjálpa hvor öðru. Þannig náðist að byggjast upp ákveðið samfélag á mótinu.

Aldrei var þörf til að henda neinum af mótinu eða taka hljóðið eða mynd af einhverjum. Það tóku 14 félög þátt í mótinu. Auk þess voru skráningar frá krökkum sem voru ekki tengd við ákveðin félög, heldur skráningar sem komu frá foreldrum. Jónína hafði haft samband við félagsmiðstöðvar og íþróttafélög fyrir mótið og enginn hafði reynt að halda svona mót.

Bæði foreldrar og prestar hafa lýst ánægju sinni með mótið. Dagskráin þótti öflug og eiga allir sem komu að mótinu hrós skilið.

Morgunverðarfundur leiðtoga

Verður haldinn kl. 9.30 fimmtudaginn 26. nóvember á Zoom.

Þetta verður óformlegur spjallfundur þar sem leiðtogar geta spjallað og tekið stöðuna. Margir hafa þörf til að tala saman á þessum tíma og því gott að geta boðið upp á það á þessum vettvangi.

Stjórnar- og landsmótsnefndar loka fundur

Verður í desember, þegar samkomubannið verður vonandi ekki eins hart.

Janúarnámskeið

Hugmynd um að þemað væri að viðhalda neistanum. Óvíst er hvort að námskeiðið verði í persónu eða í gegnum Zoom.

Hugmyndir að fyrirlesurum:

Guðný Hallgrímsdóttir.

Pálmar Ragnarsson.

Karlmennskan.

María og Ingileif úr Hinseginleikanum.

Í fyrra ætluðum við að fá Guðrúnu Karls Helgudóttur að tala um hugleiðingagerð en það gekk ekki upp. Væri gaman að reyna það aftur.

Jónína sér þetta fyrir sér sem kannski þrjú 20 mín innlegg.

Við höfum yfirleitt verið í blábyrjun starfs eftir jólafrí. Ef þetta er á netinu getur námskeiðið í raun verið hvaða tíma sem er og þarf ekki að vera yfir helgi.

Það er öruggara að skipuleggja þetta námskeið sem kvöldviðburður á netinu.

Miðvikudagurinn 13. janúar kl. 20 er tímasetning sem við stefnum að.

Aðalfundur

Aðalfundur hefur alltaf verið um mánaðarmótin febrúar-mars.

Aðalfundur verður 3. mars kl. 17. Húsið opnar 16.30. Fundurinn verður að sjálfssögðu líka í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundi slitið kl. 21.05.